

Morgunblaðið, 10.08.2024, síðu 74.
grein stærð: 1019.02 sm2
grein hæð: 37.75 sm

Alls kyns árátturverða að drifkrafti í listinni

Á sýningunni Murr í Hafnarhúsinu sýna listamenn sem eiga það sameiginlegt að gera oft það sama aftur og aftur.

Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@mbl.is



Margrét M. Norðdahl sýnir þessa voldugu innsetningu sem grípur augað og nefnist Allt bara er – Atlas.

Sýningin Murr stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi. Þar sýna ellefu listamenn verk sín. Sýningarstjóri er Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir.

„Þetta er sýning þar sem fókus er settur á áráttur og endurtekningar. Listamennirnir sem sýna eru á mismunandi aldri, með mismunandi bakgrunn og misvel þekktir, en eiga það sameiginlegt að fara djúpt í viðfangsefnin og gera oft það sama aftur og aftur og þá annaðhvort innan eins verks þar sem ákveðin hreyfing er endurtekin hvað eftir annað eða gera svipuð verk í gegnum árin," segir Ingunn Fjóla. „Verkin eru ólík innbyrðis en eiga sameiginlegt að þar birtast endurteknar hugsanir listafólksins."

Sigurður Ámundason er einn listamannanna. „Hann er alltaf að hugsa um mannleg samskipti og það hversu erfið honum finnst þau vera. Verk hans á sýningunni eru annars vegar teikningar sem fjalla takmarkanir, misskilning og vanrækt í samskiptum og hins vegar lágmyndir úr stáli sem sýna merkingarlaus tákn eða lógó. Hann teiknar á pappír með trélitum, blýanti og bleki. Það tekur langan tíma að teikna með trélitum, en hann er ekki að gera neitt til að flýta fyrir sér. Það er næstum því eins og hann sé viljandi að gera sér erfitt fyrir," segir Ingunn Fjóla.

Hlutlaus augnablik

Margrét M. Norðdahl sýnir innsetningu sem nefnist Allt bara er – Atlas og samanstendur meðal annars af stórri mandölu sem er búin til úr myndum af fólki. „Myndirnar fann hún með því að fara inn á Google Earth-vefsjána. Hún bjó sér til kerfi og notaði stafrófið til að finna fólk úti um allan heim sem er ekki að gera neitt sérstakt, er bara í daglegum athöfnum. Hún er að sýna okkur hlutlaus augnablik og notar manneskjur sem form sem hún endurtekur aftur og aftur. Með leitinni komst hún að því að ekki eru öll lönd til í vefsjánni, sum eru bönnuð eða tilvist þeirra ekki viðurkennd. Á sama tíma vinnur hún út frá setningunni: Allt bara er, sem hún skrifar dauft beint á sýningarvegginn. Þessi setning eða mantra finnst mér hljóma eins og Margrét sé að reyna að sættast við hvernig lífið og tilveran er."


Verk Sigurðar og Margrétar eru verk sem taka langan tíma. Hið sama má segja um fínlegar blýantsteikningar Bjarna H. Þórarinssonar sem kallast Vísirósir og nákvæmar blekteikningar Jóhanns S. Vilhjálmssonar sem nefnast Sýnir.

Marta Valgeirsdóttir og Kjartan Ari Pétursson falla líka í flokk með listamönnum sem vinna hægt. „Marta handmálar táknin O og 1 aftur og aftur á hvíta striga. Hún skiptir myndfletinum upp eftir gullinsniði og notar endurtekið sömu litina, rauðan, grænan og bláan, sem vísar í RGB-litakerfið. Kjartan Ari þekur myndflötinn með ótal örsmáum punktum eða stuttum strikum, sem smám saman mynda bylgjur eða gárur eftir því sem þeim fjölgar."

Sigtryggur Berg Sigmarsson tekur sér hins vegar stutta stund til að gera sín verk. „Hann reynir að teikna á hverjum degi. Hann leitast eftir að ná fram hispurslausum hreyfingum til að vera algjörlega frjáls undan rökhugsuninni og teiknar til skiptis með vinstri og hægri hendi," segir Ingunn Fjóla. „Verk hans á sýningunni eru á mörkum þess að vera abstrakt og fígúratív. Hann vinnur þau á svipaðan hátt aftur og aftur, dag eftir dag, jafnvel ár eftir ár.

Það sama mætti segja um Ásgrím Þórhallsson sem notar hverja lausa stund til að teikna. Verkin á sýningunni Tilfallandi fuglar sýna afturenda á fuglum, sem hann teiknar hratt og án þess að hugsa. Hann skrifar líka í verkin, eins og Jóhann S. Vilhjálmsson, orð og hugsanir, eins og dagbókarskrif. Hann skrifar hins vegar svo þétt að við getum ekki lesið orðin."

Listakonan Deepa R. Iyengar sýnir stóran keilulaga skúlptúr þakinn teikningum. „Hún teiknar í fimmtán mínútur á hverjum degi og kallar þetta ósjálfráða skrift. Hún er að velta fyrir sér hvernig við getum eða getum ekki séð inn í hugarheim annarra. Við sjáum teikningarnar en við náum aldrei algjörlega að lesa



þær eða hugsanir listakonunnar.


Vinnuaðferðunum hjá Ásgrími, Deepu, og Sigtryggi mætti líkja við ritúala, þau gera það sama aftur og aftur og það veitir þeim útrás og vellíðan, en ritúalar birtast líka hjá Styrmi Erni Guðmundssyni sem teflir saman málverkum og skúlptúrum, samhliða taktföstum teknóhljóðheimi."

Tilfinningaríkaugnablik

Halla Birgisdóttir sýnir fjölmargar litlar blýantsteikningar á pappír ásamt stórri sjálfsmynd sem er unnin beint á vegg. „Verkin sýna tilfinningaríkar augnablik í lífi nafnlausra persóna. Með hverju verki fylgir stuttur texti þannig að þau birtast



Morgunblaðið, 10.08.2024, síðu 75.
grein stærð: 1010.63 sm2
grein hæð: 37.64 sm




Morgunblaðið/Árni Sæberg



Verk Höllu Birgisdóttur vekja athygli sýningargesta.



Hér má sjá blýant-steikningar Bjarna H. Þórarinssonar.



„Verkin eru einlæg og persónuleg, en taka líka á erfiðum málum," segir Ingunn Fjóla.



Gestur virðir fyrir sér stóran skúlptúr Deepu.

„Myndlistin verður leið til að sættast við eitthvað, skilja það og kryfja án þess endilega að finna svör.

sem lítil myndljóð eða örsögur. Sumar teikningarnar tengjast eigin lífi Höllu og byggjast meðal annars á hennar eigin reynslu af andlegum veikindum, á meðan önnur byggjast á einhverju sem hún hefur séð á netinu, í bókum eða í sjónvarpinu."

Um sýninguna segir Ingunn Fjóla: „Við höfum tilhneigingu til að líta á áráttur sem eitthvað neikvætt og auðvitað geta þær í vissum tilfellum verið sjúklegt ástand sem heldur aftur af fólki. Mér finnst hins vegar áhugavert þegar áráttur verða að drifkrafti, sérstaklega eins og þær birtast hér hjá listafólki sem fær útrás í listsköpuninni. Verkin eru einlæg og persónuleg, en taka líka á erfiðum málum.

Þessir listamenn eiga það sameiginlegt að fara djúpt í hlutina og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Myndlistin verður leið til að sættast við eitthvað, skilja það og kryfja án þess endilega að finna svör. Þetta er þeirra leit."